



15. árg. 4. töl. 2006. Útgefandi: Ásatrúarfélagið, Siðmúla 15, 108 Reykjavík

Ritsjóri og ábyrgðarmaður: Egill Baldursson — egillb@mmedia.is

Allsherjarþing Ásatrúarfélagsins 2006

verður haldið laugardaginn 28. október nk.,
í sal A á Hótel Sögu, kl. 14.00. (Önnur hæð, Þjóðarbókhöðumegin)

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar og nefnda
- Endurskoðaðir reikningar lesnir og bornir upp til staðfestingar
- Umræður um skýrslu stjórnar og nefnda
- Kosið í stjórn og aðrar trúnaðarstöður
- Önnur mál

Haustblót félagsins 1. vetrardag

Viku áður en við ásatrúarmenn göngum til Allsherjarþings munum við blóta saman í Mörkinni í húsnæði Ferðafélags Íslands, laugardaginn 21. október, kl. 19:00. Á borðum verður hefðbundinn haustmatur ásamt einhverju léttmeti handa þeim sem það vilja. Meðan á borðhaldi stendur munum við njóta ýmissa skemmtiatriða að vanda.

Aðgöngumiða þarf að greiða fyrirfram (reikn. 0101-26-011444, kt. 680374-0159) og kostar miðinn aðeins 2.500 kr. en börn í fylgd með foreldrum, 12 ára og yngri, fá frítt. Miðarnir verða svo afhentir við innganginn og eru ávísun á matinn. Einnig verður hægt að kaupa miða

við innganginn á 3.500 kr., en fjöldi slíkra miða hlýtur að takmarkast við innkeypt magn matar. Félagsmenn eru hvattir til að taka með sér utanfélagsgesti. Fjölmenum, etum, drekkum og skemmtum okkur eins og okkur einum er lagið.

— Góða skemmtun!

Af hofum (frh. úr *Vorum sið*, 2. tbl. 2006)

Að neðan er síðari hluti valdra tilvitna í *Landnámabók*, fyrri hlutinn birtist í 2. tbl. *Vors siðar* 2006.

Landnáma 81. kafli

„Böðvar hinn hvíti var son Þorleifs miðlungs, Böðvarssonar snæþrimu, Þorleifssonar hvalaskúfs, Ánssonar, Arnarsonar hyrnu konungs, Þórissonar konungs, Svína-Böðvarssonar, Kaunssonar konungs, Sölgasonar konungs, Hrólfssonar úr Bergi, og Brand-Önundur frændi hans fóru af Vörs til Íslands og komu í Álftafjörð hinn syðra. Böðvar nam land inn frá Leiruvogi, dali þá alla, er þar liggja, og út öðrum megin til Múla og bjó að Hofi; hann reisti þar hof mikið.“

Landnáma 84. kafli

„Auðun hinn rauði keypti land að Hrollaugi utan frá Hömrum og út öðrum megin til Viðborðs; hann bjó í Hofsfelli og reisti þar hof mikið; frá honum eru Hofsfellingar komnir.“

Landnáma 90. kafli

Ketill hængur „nam öll lönd á milli Þjórsár og Markarfljóts; þar námu síðan margir göfgir menn með ráði Hængs. Ketill eignaði sér einkum land milli Rangár og Hróarslækjar, allt fyrir neðan Reyðarvatn, og bjó að Hofi.

Þá er Ketill hafði fært flest föng sín til Hofs, varð Ingunn léttari og fæddi þar Hrafn, er fyrst sagði lög upp á Íslandi; því heitir þar að Hrafnstöftum.“

„Jörundur goði, son Hrafn's hins heimska, byggði fyrir vestan Fljót, þar er nú heitir á Svertingsstöðum; hann reisti þar hof mikið.

Bjór lá ónuminn fyrir austan Fljót milli Krossár og Jöldusteins; það land fór Jörundur eldi og lagði til hofs.“

Landnáma 99. kafli

„Ketilbjörn hét maður ágætur í Naumudal; hann var Ketilsson og Æsu, dóttur Hákonar jarls Grjótgarðssonar; hann átti Helgu, dóttur Þórðar skeggja.

Ketilbjörn fór til Íslands, þá er landið var víða byggt með sjá; hann hafði skip það, er Elliði hét; hann kom í Elliðaárós fyrir neðan heiði. Hann var hinn fyrsta vetur með Þórði skeggja, mági sínum.

Um vorið fór hann upp um heiði að leita sér landskosta. Þeir höfðu náttból og gerðu sér skála; þar heitir nú Skálabrekka. En er þeir fóru þaðan, komu þeir að á þeirri, er þeir kölluðu Öxará; þeir týndu þar (i) öxi sinni. Þeir áttu dvöl undir fjallsmúla þeim, er þeir nefndu Reyðarmúla; þar lágu þeim eftir áreyðar þær, er þeir tóku í ánni.

Ketilbjörn nam Grímsnes allt upp frá Höskuldslæk og Laugardal allan og alla Byskupstungu upp til Stakksár og bjó að Mosfelli. Börn þeirra voru þau Teitur og Þormóður, Þorleifur, Ketill, Þorkatla, Oddleif, Þorgerður, Þuríður. Skæringur hét einn son Ketilbjarnar, laungetinn.

Ketilbjörn var svo auðigur að lausafé, að hann bauð sonum sínum að slá þvertré af silfri í hofið, það er þeir létu gera; þeir vildu það eigi. Þá ók hann silfrið upp á fjallið á tveimur yxnum og Haki þræll hans og Bót ambátt hans; þau fálu féið, svo að eigi finnst. Síðan drap hann Haka í Hakaskarði, en Bót í Bótarskarði.“

Lokaorð Landnámubókar í 102. kafla eru síðan þessi:

„Svo segja vitrir menn, að nokkurir landnámsmenn hafi skírðir verið, þeir er byggt hafa Ísland, flestir þeir, er komu vestan um haf. Er til þess nefndur Helgi magri og Órlygur hinn gamli, Helgi bjóla, Jörundur kristni, Auður djúpauðga, Ketill hinn fíflski og enn fleiri menn, er komu vestan um haf, og heldu þeir sumir vel kristni til dauðadags. En það gekk óvída í ættir, því að synir þeirra sumra reistu hof og blótuðu, en land var alheiðið nær hundraði vetra.“

HÖH



Rætur rímnanna og fornkvæðin

Steindór Andersen og Hilmar Örn með námskeið um kveðskap

Margt hefur verið ritað um minniskerfi fornaldar á umliðnum árum og hefur þetta þróast svo að hinni munnlegu geymd og rituðum texta er teft fram sem andstæðum. Ef menn skoða rit Frances A. Yates má sjá að „listin að muna“ var iðkuð löngu eftir að menn fóru að rita bækur og þótti dyggð og skynsamleg í sjálfri sér. Ég hef löngum dáðst að textaminni eldra fólks sem getur farið með heilu ljóðabálkana utanbókar og þótti því fengur í því að kynnst rannsóknnum Robert E. Ornstein, en hann komst að þeirri niðurstöðu að texti sem fólk lærði í forni söngtexta festist fólki betur í minni en stafa og orðarunur. Þetta rímar og við kenningar Albert Lord og Milman Parry um munnlega geymd á stórum epískum sagnabálkum sem hafa varðveist næsta óbreyttir um árhundrað í löndum á Balkanskaga.

Þegar áhugi minn kviknaði á rímum varð mér fljótt ljóst að rímnahæfðin var svo mikið meira en varðveisla á texta og tónmáli því ólíkt balkönsku hefðinni sem byggir einungis á einum bragarhætti, dekameter, þá varðveita rímurnar hreinlega þúsundir bragarháttar. Það sem meira er, að það er hefð fyrir því í ættboga Bólu Hjálmars og væntanlega fleiri rímkærri ætta að tengja ákveðna lagboða við tiltekna bragarhætti.

Þannig má ætla að góður kvæðamaður gæti nýst sem eins konar tímavél þegar menn eru að geta sér til um flutning gamalla kvæða.

Sveinbjörn heitinn Beinteinsson var hafsjór fróðleiks á öllum þessum sviðum og þegar hann vann að endursköpun á flutningi Eddukvæða notaði hann yfirburða þekkingu sína á gömlum stemmum og háttum. Mér hefur nú tekist að véla rímnatröllid Steindór Andersen til þess að vera með námskeið með mér þar sem við ger-

um tilraun til þess að enduruppgötva og endurskapa lagrænan flutning Edduhátta. Það væri gaman að sjá sem flesta mæta og þess ber að geta að söngrodd og lagvísí eru á engan hátt skilyrði fyrir þátttöku.

Námskeiðið verður í nóvember og verður nánar auglýst á vefsíðu félagsins.

Starfið framundan

Það hefur verið veruleg aukning á hjónavígslum og nafngiftum á liðnu sumri og veðurvættir halda áfram að gera hið tölfræðilega ómöglega, því geislar sólar hafa helgað þessar athafnir þótt einn og einn vantrúarseggur hafi mætt með regnhlíf með sér. Nú hafa gerst þau gleðiðlegu tíðindi að Dómsmálaráðuneytið hefur fallast á erindi okkar um fjölgun goða með vígsluréttindi vegna aukinna umsvifa félagsins. Að þessu sinni hafa eftirtaldir goðar fengið réttindi: Jóhanna Harðardóttir, Kjalnesingagoði, Baldur Pálsson, Freysgoði og Tómas V. Albertsson, seiðgoði. Þetta er fagnaðarefni vegna þess að um sumar helgar í júlí voru oft tvær athafnir á dag og ekki alltaf í sama landshluta.

Nú fer að styttest í það að Vilhjálur Þórmundur Vilhjálmsson, borgarstjóri, taki fyrstu skóflustunguna að hofinu okkar og safnaðarheimili í Öskjuhlíð. Það er ánægjulegt hversu margir hafa sýnt því áhuga að taka þátt í þeim framkvæmdum sem fara af stað í kjölfarið og aðrir félagar eru hvattir til að hafa samband og vera alls óhræddir við að lýsa mannkostum sínum og sérþekkingu. Með sameiginlegu átaki verður þetta skemmtilegt og þræðandi í senn

Hilmar Örn Hilmarsson, allsherjargoði

**Munið opið hús á laugardögum kl. 14–16 í Síðumúla 15.
Aðsókn fer vaxandi.**

Erindi um Frigg og Freyju

verður flutt í sal Ásatrúarfélagsins að Síðumúla 15, laugardaginn 11. nóvember kl. 14.00.

Ingunn Ásdísardóttir flytur erindi sem hún kallar: „Ein gyðja eða tvær?“

Eftir flutningin svarar Ingunn fyrirspurnum úr sal. — Allir velkomnir.

Um veiðiguðinn Ull

Veiðiguðinn Ullur sem einnig nefnist Ullinn er með elstu goðum í heiðni og jafnvel eldri en Vanir að uppruna. Hann gekk á skíðum og veiddi með boga. Seinna varð hann goð skjaldarins og menn hétu á hann í hólmgöngum. Þannig að hann er hann oftast myndaður á skíðum með skjöld á baki og ör á streng. Gyðjan Skaði mun að einhverju leyti hafa yfirtekið hlutverk hans á síðasta skeiði heiðni er æsir voru mest áberandi í sögunni.

Litlum sögum fer af Ulli, en mörg örnefni minna á hann mest í Noregi og Svíþjóð. Mikið er af nöfnum eins og Ulstein, Ullevalla, Uddevalla og fleiri. Hér á landi er minna af því, en hér eru ullarfossar og eitt Ullarvatn nálægt Eyjafirði. Minna má á Ullarfoss í Elliðaá sem nærtækt dæmi. Ætla má að hann hafi haft sitt hlutverk í þeim hefðum sem samfélagið myndaði og helgaði goðum.

Nú haustar að með veiði og sláturtíð og svo mér þykir rétt að minna á og hefja til vega þetta forna goð.

Um Ullinseyru

Ullinseyru eru tveir flipar utaná hjörtum og voru þau skorin af og sett á eld sem brennifórn er gert var að dýrum.

Ég man eftir þessum sið þegar ég var að alast upp á Snæfjallaströnd uppúr miðri síðustu öld. Amma mín sem var fædd 1896 sá um að ganga frá innýflum og gætti þess mjög að þessi siður væri haldinn og ullinseyrun voru brennd eða grafin. Henni þótti mikil svívirða ef hundar kæmst í þetta.

Það var ekki fyrr en á fullorðinsárum að ég gerði mér grein fyrir því að þetta er siður sem gæti verið kominn allt frá steinöld því undir Ullinseyrunum kemur fljótt gerlagróður sem rýrir geymsluþolið svo þessi siður hefur hagnýtt gildi.

Gaman væri ef fleiri þekkja svona siði eða hafa einhvern annan fróðleik um Ullin.

Góða veiði og verði ykkur gott af slátrinu.
Daniel Engilbertsson.

Nýtt útlit á heimasíðunni væntanlegt

Garðar Guðnason vefsíðustjóri er að leggja lokahönd á heimasíðuna okkar sem mun væntanlega gleðja auga lesandans. Fylgist með upp úr miðjum október.


Ritstjóri



Frá Þingblótinu 21. júní í sumar. Fremst á myndinni má sjá allsherjagoðann og svo Krákumenn t.h. við tjaldið.

Af blótum goða í sumar

Sumarsólstöðublótið okkar á Þingvöllum í sumar heppnaðist með afbrigðum vel. Fjölmenni var bæði við blótathöfnina sjálfa í Almannagjá og svo í matnum. Að þessu sinni sóru tveir nýir goðar embættiseið, þeir Baldur Pálsson Freysgoði og Haukur Halldórsson Reykjanesgoði. Allsherjagoðinn gaf systkinum nafn og góða veðrið lék við blótgesti.



Baldur Pálsson Freysgoði og Haukur Halldórsson Reykjanesgoði sóru embættiseið á Þingblótinu.

Eftir bótathöfnina færðu flestir sig niður á flötina við furulundinn þar sem stjórnin var búinn að tjalda myndarlegu hústjaldi.

Meistarakokkarnir hjá Veislunni á Austurströnd voru mættir með heitar kræsingar sem viðstaddir létu vel að. Tríoíð Krákan spilaði svo að borðhaldi loknu og var stiginn hringdans. Töluðu menn um að þetta form á borðhaldinu væri komið til að vera.

Blótað í Arnarfirði við Skutulsfjörð

Eyvindur P. Eiríksson var með blót í fjörunni við Arnarfjörð í sumar. Kári var í ham og striddi ásatrúarmönnum svolítið en það rigndi ekki við athöfnina frekar en fyrri daginn. Þórsnesgoði sem var viðstaddur minntist þess að tíu ár eru liðinn síðan þau Eyvindur tóku við goðaembætti.

Eftir athöfnina grilluðu menn við bústað goðans.

Þórsblót í Borgarfirði

Þórsnesgoði, Jónína K. Berg hélt sitt árlega blót á haustjafndægum, 23. september. Það hefur verið árviss atburður hjá henni í allmörg ár að halda blót á Vesturlandi og núna blótuðu ásatrúramenn í Einkunnum ofan við Borgarnes í fallegum skógarlandi. Stilla var og skapaðist góð stemmning þegar goðinn talaði um að á sólstöðum á hausti sem og á öðrum sólstöðum, væru heiðnir menn um allan heim, saman komnir til að nýta krafta sína og senda út góða orku. Drukkin var heill.

Eftir athöfnina bauð goðinn í súpu heima hjá sér sem allir viðstaddir þáðu og var glatt á hjalla.

Ritstjóri



Garðar Guðnason vefsíðustjóri og Þórsnesgoði í lundinum góða ofan við Borgarnes.



Frá athöfninni í Almannagjá, 21. júní sl.

Frá lögsögumanni

„Vonir standa sem sagt til, að í næsta tbl. *Vors siðar* verði helztu tíðindi einmitt þau, að Reykjavíkurborg hafi úthlutað Ásatrúarfélaginu lóð í Öskjuhlíð, þar sem félagið hyggst byggja veglegt hof, sem verði höfuðborg Íslands til sóma og þrýði ...“ Já, þetta skrifaði ég fyrir tæpum fjórum mánuðum. Síðan hefur greinilega ekki runnið mikið vatn til sjávar hjá Reykjavíkurborg, þrátt fyrir fögur fyrirheit, því allt er enn við það sama. Tilvitnun þessi verður því að standa enn um sinn. Ekki bætir úr skák, að engin skýring hefur af hálfu Borgarinnar verið gefin á þessum seinangangi. Hér virðist Kafka svífa yfir stífluvötnum.

Lóðamálið er því langefsta mál á dagskrá og verður gengið í það af öllu afli strax og punktur hefur verið settur aftan við þennan pistil.

Nú fer reyndar ekki hjá því, að Allsherjarþing sé ofarlega á baugi, því síðasta laugardag þessa mánaðar skal það haldið. Á dagskrá eru þessi venjulegu aðfundarstörf, þ.m.t. stjórnarkosning. Nú rennur út tveggja ára kjörtímabili lögsögumanns, Óttars Ottóssonar, staðgengils hans, Egils Baldurssonar, og ritara/meðstjórnanda, Rósu Eyvindardóttur. Ennfremur eins árs kjörtímabil varamannanna Garðars Guðnasonar og Þórunnar Brandsdóttur. Gjaldkerinn, hins vegar, Sveinn Aðalsteinsson, og meðstjórnandinn/ritarinn Hildur Guðlaugsdóttir voru kosin til tveggja ára í fyrra. Því þarf að þessu sinni að kjósa um a.m.k. fimm sæti í stjórn og varastjórn. Á þessu stigi málsins er vitað, að Óttar, Egill og Garðar gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnasetu.

Engar staðfestingar nýrra goða liggja fyrir að þessu sinni, en sem kunnugt er voru tveir nýir goðar vígðir á Þingvöllum í sumar og þrír goðar hafa nýlega öðlazzt vígsluréttindi, eins og fram kemur annars staðar hér í blaðinu. Goðahópurinn hefur því eflzt verulega, sem hlýtur að vera okkur fagnaðarefni.

Vefstjórnin okkar, Garðar Guðnason, hefur undanfamar vikur unnið ötullega að gerð nýrrar og endurbættrar heimasíðu fyrir félagið. Hér er um verulega bragarbót að ræða, enda ekki vanþörf á. Spennandi verður að sjá þennan miðil okkar í nýjum búningi.

Nýleg blaðaskrif um rangar skráningar trúfélagsaðilar í Þjóðskrá hafa gefið tilefni til að kanna það sérstaklega, hvernig að þessum skráningum er staðið. Rétt er að taka fram, að okkur er ekki kunnugt um neitt óyggjandi dæmi þess, að ásatrúarmenn hafi verið ranglega skráðir. Þótt ástæða sé til að vera á varðbergi, geta velflestir lesendur *Vors siðar* verið áhyggjulausir hvað þetta varðar, því hafi lesendur fengið þetta fréttabréf sent í pósti, geta þeir verið þess fullvissir, að þeir sé skráðir í Þjóðskrá sem ásatrúarmenn. Öðru máli gegnir um þá, sem hugsanlega eru skráðir í eitthvert annað trúfélag — þess fólks náum við augljóslega ekki til. Samkvæmt upplýsingum Þjóðskrár, er þegar búið að breyta vinnubrögðum hennar til að koma í veg fyrir þetta klúður. Hægt er að ganga úr skugga um, hvernig skráningu hvers og eins er háttað, með því að fara sjálfur niður á Þjóðskrá í Borgartúni í Reykjavík og spyrjast fyrir. Annar möguleiki er að senda henni undirritað bréf, sem svarað verður bréflaga. Þjóðskrá sinnir ekki erindum sem þessum gegnum síma eða í tölvupósti. Ennfremur veitir hún engum slíkar upplýsingar, nema viðkomandi sjálfum. Þ.a.l. getur Ásatrúarfélagið ekki aflað upplýsinga af þessu tagi fyrir félagi sína.

2. október 2006, til árs og friðar,
Óttar Ottósson (ottar@internet.is).